



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 17. mars 2025

Ályktanir frá ársþingi KSÍ. Fjölgun varamanna í Bestu deild karla og kvenna og viðurlög við agabrotum.

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 13. mars sl. voru samþykktar breytingar á reglugerðum sambandsins. Um er að ræða breytingar sem voru samþykktar á ársþingi KSÍ. Um er að ræða breytingar á eftirfarandi reglugerðum:

- **Reglugerð um aga- og úrskurðarmál**
 - Frádráttur einnar áminningar fyrir upphaf úrslitakeppni/umspils í Bestu deildum karla og kvenna, Lengudeild karla og 5. deild karla.
- **Reglugerð um knattspyrnumót**
 - Fjölgun varamanna og starfsliðs í Bestu deildum karla og kvenna og aðalkeppni bikarkeppni karla og kvenna.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ
um aga- og úrskurðarmál

IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR
13. grein - Viðurlög við agabrotum

13.1 Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1 Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti

Leikmaður í félagi í efstu deild karla eða 1. deild karla sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 22 umferðum í efstu deild karla eða 1. deild karla skal fá eina áminningu dregna frá þeim áminningum sem leikmaður hefur fengið fyrir upphaf úrslitakeppni/umspili viðkomandi deildar.

Leikmaður í félagi í efstu deild kvenna sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 18 umferðum í efstu deild kvenna skal fá eina áminningu dregna frá þeim áminningum sem leikmaður hefur fengið fyrir upphaf úrslitakeppni efstu deildar kvenna.

Leikmaður í félagi í 5. deild karla sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að lokinni riðlakeppni í 5. deild karla skal fá eina áminningu dregna frá þeim áminningum sem leikmaður hefur fengið fyrir upphaf úrslitakeppni 5. deildar.

b) Í bikarkeppni KSÍ og í bikarkeppni neðri deilda (telur saman)

- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni í bikarkeppni KSÍ telja ekki í aðalkeppni hennar né í bikarkeppni neðri deilda. Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í undankeppni bikarkeppni KSÍ gilda þó í aðalkeppni í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda telja ekki að loknum 8 liða úrslitum þeirra keppna. Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda að loknum 8 liða úrslitum gilda þó í báðum keppnum.

Greinargerð:

Um ræðir breytingartillögu sem var lögð fram á ársþingi af hálfu Víkings R., sbr. þingskjal 9. Við umræður um þingskjalið var vísað til þess að brottvísanir og áminningar væru til staðar til að vernda leikmenn og að tillagan leiddi til þess að leikmenn gætu í einhverjum tilvikum fengið áminningu í flestum, jafnvel öllum leikjum síðari hluta Íslandsmótsins, án þess að fara í leikbann. Nokkrar umræður sköpuðust um tillöguna og orðalag hennar sem leiddi til þess að Valur lagði fram breytingartillögu þess efnis að í stað þess að fella út leikbann við fjórða gula spjald leikmanns líkt og upprunaleg tillaga gerði ráð fyrir yðru leikmenn verðlaunaðir fyrir þróðmennsku. Lagt var til að leikmenn sem fengið hefðu 3 áminningar eða minna eftir deildarkeppni skyldu fá eina áminningu dregna frá áminningum áður en til úrslitakeppni/umspils kæmi.

Þá kom jafnframt fram breytingartillaga þess efnis að sambærileg regla yrði tekin upp í 5. deild karla þar sem þar sem umspil fer fram líkt og í Lengjudeild. Báðar breytingartillögur voru samþykktar af ársþingi og einsýnt að vilji þingsins stóð til þess að taka upp sambærilega reglu í 5. deild karla.

Laga- og leikreglanefnd hefur yfirfarið tillögur og umræður á þinginu og telur rétt að leggja til breytingar í samræmi við vilja ársþings. Er lagt upp með að afsláttur verði veittur af áminningum í þeim tilvikum sem leikmenn hafa fengið 3 eða færri áminningar eftir hefðbundna deildar- eða riðlakeppni. Leikmenn munu áfram sæta leikbanni eftir 4 áminningar og eingöngu þeir leikmenn sem hafa ekki náð þeim fjölda áminninga við lok hefðbundinna deildar- eða riðlakeppni fá að njóta þeirra fríðinda sem felast í þessu fyrirkomulagi. Leikmenn sem hafa fengið fleiri en 3 áminningar á þessu tímamarki þurfa enn að glíma við ítrekunaráhrif áminninga á sama hátt og almennt gengur.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

9. grein – Leikskýrsla

9.6 Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Í keppni 7 og 8 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).

9.6.1 Í meistaraflokki í efstu deild karla, efstu deild kvenna og í aðalkeppni bikarkeppni karla og kvenna mega varamenn vera allt að 9 en þó aðeins ef a.m.k. tveir varamanna eru gjaldgengir í 2. aldursflokki félags. Heimild þessi nær ekki til eldri leikmanna sem kann að vera heimilt að leika í 2. aldursflokki kvenna (21 árs á almanaksárinu og eldri). Í meistaraflokki í efstu deild karla, efstu deild kvenna og í aðalkeppni bikarkeppni karla og kvenna mega vera allt að 8 menn í liðsstjórn.

37. grein – Sektir

37.6 Lið, sem nýtir sér heimild skv. grein 9.6.1 til að skrá 9 varamenn á leikskýrslu og a.m.k. tveir varamanna eru ekki gjaldgengir í 2. aldursflokki þá skal hlutaðeigandi félag sæta sekt að upphæð allt að kr. 250.000,-. Sé um að ræða brot á grein 9.6.1. og leikskýrsla hefur vísitandi verið ranglega fyllt út skal farið eftir grein 36.3.

Greinargerð:

Um ræðir breytingartillögur sem voru lagðar fram á ársþingi af hálfu Breiðablik, Fram, FH, ÍA, KA, KR, Val, Vestra og Víkinga R., sbr. þingskjal 8. Vísast til greinargerðar þeirra félaga sem fylgdi tillögunni á ársþingi hvað markmið. Á þinginu var lögð fram breytingartillaga til ályktunar þess efnis að stjórn KSÍ var falið að útfæra nánar viðurlög vegna mögulegra brota á gr. 9.6.1. Þessi breytingartillaga kom fram vegna áhyggja af því að hugsanlega væri gengið of hart fram með því að gera ráð fyrir því að brot gæti varðað 3-0 tapi, jafnvel þó viðkomandi leikmaður/leikmenn kæmu ekki við sögu í leiknum.

Laga- og leikreglnanefnd hefur yfirfarið upprunalega tillögu og telur rétt að samþykkja hana óbreytta. Er þá vísað til þess að samkvæmt orðalagi gr. 37.6 kemur úrskurður um 3-0 tap ekki til álita nema leikskýrsla hafi verið vísitandi verið ranglega fyllt út. Þá er jafnframt að finna tilvísun til reglu gr. 36.3, sem fjallar um tilvik á borð við fölsun. Regluna ber að mati nefndarinnar að skýra sem svo að mistök við útfyllingu leikskýrslu leiðir til sektar en tap kemur aðeins til álita ef leikskýrsla er vísitandi fyllt ranglega út, t.d. ef kennitala leikmanns á réttum aldri er notuð á skýrslu en annar eldri leikmaður situr á bekknum. Hér kemur m.ö.o. ekki til álita að lið tapi leiknum nema leikskýrsla sé vísitandi fyllt ranglega út í því skyni að bæta leikmönnum á varamannabekk.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.